

Umsögn Árvakurs hf. um tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds, 397. mál

Óskað hefur verið eftir umsögn Árvakurs hf. um tillögu til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds, 397. mál. Flutningsmenn tillögunnar eru Bergþór Ólason og átta aðrir þingmenn. Umsagnarbeiðnin var send 17. desember 2020 og frestur til svara gefinn til 14. janúar 2021.

Þingsályktunartillagan hljóðar svo:

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp þess efnis að lögum um ráðstöfun útvarpsgjalds skuli breytt. Breytingin lúti að því að hverjum og einum greiðanda útvarpsgjalds skuli heimilt að ráðstafa allt að þriðjungi gjaldsins til annarra fjölmiðla en Ríkisútvarpsins eins og hann kýs.

Í greinargerð er lögð áhersla á valfrelsi landsmanna um ráðstöfun hluta útvarpsgjaldsins og að með því geti þeir tryggt fjölbreytileika í fjölmiðlun. Með því að sitja eitt að útvarpsgjaldinu hafi Ríkisútvarpið yfirburðastöðu gagnvart öðrum fjölmiðlum og slík einokunarstaða, sérstaklega ríkismiðils, sé óeðlileg nú á tímum og vinni beinlínis gegn hugmyndum um sjálfstæði og fjölbreytni hugsunar og skoðana.

Þessi sjónarmið eru rakin nánar í greingargerðinni og getur Árvakur tekið undir þau. Sömu leiðis þá ábendingu að undanfarið hafi birst margvíslegar upplýsingar um að stjórnendur Ríkisútvarpsins telji sig hafa sjálfðæmi um það hvernig staðið sé að rekstri þess og að Ríkisendurskoðun og fjölmiðlanefnd hafi ítrekað gert alvarlegar athugasemdir við starfsemi Ríkisútvarpsins.

Í greinargerðinni er einnig bent á að nefskattur á borð við útvarpsgjaldið þekkist nú þegar í lögum um sóknargjöld og að þar sé það val skattgreiðandans til hvaða safnaðar gjaldið renni. „Ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að útfæra útvarpsgjaldið á svipaðan hátt, t.d. þannig að skattskyldur aðili tilgreini á skattframtali hverju sinni hvert hann vill beina hluta útvarpsgjaldsins,“ segir réttilega í greinargerðinni. Það sem helst mætti gagnrýna er þó einmitt að þegar kemur að sóknargjöldum ákveður skattgreiðandinn hvert öll upphæðin fer en samkvæmt tillögunni er aðeins gert ráð fyrir að hann geti ráðstafað þriðjungi útvarpsgjaldsins. Eðlilegra væri að skattgreiðandinn hefði sama ákvörðunarrétt þegar kemur að útvarpsgjaldinu eins og að sóknargjaldinu enda væri þá líklegra að tillagan næði því markmiði sínu að draga úr yfirburðastöðu Ríkisútvarpsins og auka fjölbreytileika í íslenskri fjölmiðlun.

Greinargerðinni lýkur á þeim orðum að um árabíl hafi verið rætt um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði og renna þannig styrkari stoðum undir frjálsa fjölmiðla, en sú útfærsla hafi ekki hlotið brautargengi. Af þessum sökum telji flutningsmenn rétt að fara þá leið sem tillagan geri ráð fyrir.

Miðað við núverandi ástand á fjölmiðlamarkaði telur Árvakur að þessi tillaga væri ótvírætt til bóta þó að hún mætti ganga lengra eins og nefnt er hér að ofan. Enginn þarf að efast um eftir umræðu undanfarinna ára, opinberar tölulegar upplýsingar og nýleg tíðindi af fréttum Stöðvar 2, að einkareknir fjölmiðlar hér á landi eiga í miklum rekstrarerfiðleikum. Þar ber ríkið mikla ábyrgð með því að reka

fjölmiðil í samkeppni við einkamiðla, ekki síst þegar sá fjölmiðill fjármagnar sig að hluta til á auglýsingamarkaði. Samkeppni við fjölmiðil í eigu ríkisins væri nógu erfið og ósanngjörn fyrir einkarekna miðla þó að ekki bættist við sú staðreynd að ríkismiðillinn keppir um auglýsingafé, ólíkt því sem tíðkast í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Árvakur vill taka fram að þó að félagið telji að sú tillaga sem til umsagnar er væri til bóta hefur félagið talið aðrar leiðir æskilegri til að ná því markmiði að styrkja stöðu einkarekinna fjölmiðla. Í því sambandi má nefna að Árvakur telur eðlilegt, til að ná því markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum Ríkisútvarpsins á einkarekna miðla, að Ríkisútvarpið sé sett á fjárlög og að það hverfi af auglýsingamarkaði eða að sett verði þak á það hve miklar auglýsingatekjur það má hafa á ári. Þá hefur Árvakur talið æskilegast að stuðningur við einkarekna miðla verði óbeinn með niðurfellingu virðisaukaskatts, líkt og þekkt víða erlendis, eða með niðurfellingu tryggingagjalds.

Haraldur Johannessen,
framkvæmdastjóri Árvakurs hf.

Sigurbjörn Magnússon,
stjórnarformaður Árvakurs hf.